

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi



Dags eftirlits	24.9.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit á góðum haustdegi, þurrt var á og lífill vatnsagi í þróm félagsins. Þurrt hefur verið á norðurlandi í sumar og því virðist vatn lítið leita undan brekkunni ofan stöðvarinnar. Fyrirhugað er að setja olíuskynjara og rafstýran loka í niðurföll í mengunarvarnaþrónum á Akureyri.

Fyrst var sest yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ekki er gerð athugasemd við innra eftirlit, og skráningar á mánaðarblöð voru í lagi. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Olíuskiljur voru þjónustaðar í desember 2012.

Átta af níu lögnum hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu tveimur árum og stóðust þær prófanir. Lögn fyrir úrgangsolíu á milli stöðvar og bryggju hefur ekki verið prófuð en til stendur að prófa hana þegar úrgangsolíugeymir félagsins verður aftur tekinn í notkun.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Stöðin í Krossanesi hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Lokar í frárennsli stóðu lokaðir. Áfyllingarplan var ennfremur skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 15.10.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.